

TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata um framhald á tilraunaverkefni um frístundastarf fyrir börn sem eru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu

Lagt er til að hafa framhald á tilraunaverkefninu „fyrir í frístundaheimili“ sem var starfrækt s.l. sumar í þremur frístundaheimilum og bæta við fleiri starfsstöðum sumarið 2024. Auk þess að bæta við starfsstöðum myndi verkefnið byrja við skólalok grunnskóla í byrjun júní til skólasetningar í ágúst. Lokað yrði í 3 vikur í júlí og fyrstu viku í ágúst. Verkefnið snýr að börnum sem eru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu haustið 2024. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að velja starfsstaði til að taka þátt í tilraunaverkefninu og útfæra nánar miðað við sumarlokun leikskóla og frístundaheimila. Leitað verði umsagna þeirra foreldra-/skólaráða sem tengjast þeim starfsstöðum sem veljast í tilraunaverkefnið. Verkefnið hefjist í júní 2024 og verði að því loknu metið og tekin ákvörðun um framhaldið. Lagt er til að stofnaður verði innleiðingarhópur sem undirbúi og haldi utan um verkefnið. Í innleiðingarhópnum verði fulltrúar stjórnenda leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs auk fulltrúa frá fagskrifstofu og mannauðsskrifstofu skóla- og frístundasviðs.